

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Bláskógabyggð.

1. gr.

Bláskógabyggð innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. V. kafla samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð nr. 262/2008.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera kr. 30.000.

3. gr.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins. Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,15% af álagningastofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

4. gr.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0 – 6000 lítra	kr. 4.500
Rotþró 6001 lítra og stærri	kr. 1.370 pr./m ³

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað annað hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0 – 6000 lítra	kr. 6.750
Rotþró 6001 lítra og stærri	kr. 2.055 pr./m ³

5. gr.

Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda, skal innheimta gjald kr. 4.500 fyrir hverja losun.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 4. mars 2008 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands 19. febrúar 2008, er sett með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og á grunni samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð nr. 262/2008. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir hirðu og meðhöndlun seyru í Bláskógabyggð nr. 70/2006.

Bláskógabyggð, 13. mars 2008.

Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 17. mars 2008